

HÚNABYGGÐ

AÐALSKIPULAG HÚNAVATNSHREPPS 2012-2022

BREYTING VEGNA EFNISTÖKUSVÆÐA

SKIPULAGSLÝSING



LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI
SAMKVÆMT 30. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

04.06.2024

UNNIÐ FYRIR HÚNABYGGÐ



1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Vegagerðin hefur óskað eftir því við Húnabyggð að gerð verði breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012-2022 vegna efnistökusvæða.

Breytingin er til komin vegna áforma Vegagerðarinnar að endurbyggja hluta Vatnsdalsvegar og hluta Svínvetningarbrautar en þær framkvæmdir eru í undirbúningi.

Breyting á aðalskipulagi felast í því að þrjú (fimm) ný efnistökusvæði verða skilgreind í aðalskipulagi auk þess sem lýsing á einu efnistökusvæði breytist.

Ný efnistökusvæði eru:

- Nautabúsnáma (200.000 m³, gömul náma)
- Hjalli Syðri-Löngumýri (200.000 m³, ný náma)
- Tindaleiti (Leitisás) (300.000 m³, gömul náma)
- Ás gegnt Tindum (350.000 m³, ný náma)
- Suðurás (200.000 m³, ný náma)

Þá er lýsingu á efnistölusvæðinu Hnúksnáma (E3) breytt og magn skilgreint sem 200.000 m³ en það var áður 45.000 m³. Stærð svæðisins verður 40.000 m² en var áður 17.000 m². Breyting á efnismagni er vegna þarfar í framkvæmdir og eins er reynt að horfa til farmtíðarþarfar á svæðinu.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar, aðalskipulagsbreytingar í þessu tilfalli, taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Framkvæmdirnar við efnistöku eru tilkynningaskyldar skv. tölulið 2.02 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

2.02. Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölulið 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.

Megintilgangur umhverfisskýrslu sem gerð verður með aðalskipulaginu er að greina frá helstu mögulegu umhverfisáhrifum sem framkvæmdir skv. breytingu á aðalskipulagi eru líklegar til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

2 Skipulagsleg staða – aðalskipulag

Hér á eftir er umfjöllun úr gildandi aðalskipulagi hvað varðar þau svæði sem breyting á aðalskipulagi nær til. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð aðalskipulagsins.

EFNISTÖKUSVÆÐI

Efnistökuastaðir eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka utan þéttbýlis, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. (Sjá einnig gr. 4.9 í skipulagsreglugerð).


MARKMIÐ:

Í skipulagsáætluninni eru sýndir núverandi efnistökuastaðir en almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökuastaðum. Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

LEIÐIR:

- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.
- Leggja verður áherslu á skipulega nýtingu efnistökuastaða og snyrtilegan frágang þar þegar efnistöku lýkur.

E3	Hnúksnáma	Opin.	Náma í mól og sandi. Áætluð efnistaka er 45.000 m ³ á næstu 20 árum á um 17.000 m ² svæði. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	Hnjúkur



Mynd 2. Hluti Aðalskipulags Húnavatnshrepps 2012-2022. Rauðir punktar sýna ný efnistökusvæði og blár punktur sýnir stækkað efnistökusvæði.

3 Áhrifamat

Breyting á aðalskipulagi fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem breytingin felur í sér framkvæmd sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Mat á áhrifum nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða með mótvægisáðgerðum.

3.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfismatsskýrslu með breytingu á aðalskipulagi verður gerð grein fyrir tengslum og samræmi við helstu stefnur og áætlanir sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna.

3.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru hér að neðan. Líklegt er að stefna í gildandi skipulagi verði borin saman við hugmyndir um stefnu í breyttu skipulagi.

- Landslag og sjónræn áhrif
- Auðlindir
- Gróður og lífríki
- Jarðmyndanir
- Verndarsvæði og minjar
- Heilsa og öryggi
- Samfélagsleg og hagræn áhrif

4 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi breytingar á aðalskipulagi:

Júní 2024 Unnið að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við breytingu á aðalskipulagi. Eftir að skipulagslýsingin hefur verið afgreidd af skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn mun hún vera kynnt, auglýst og liggja frammi hjá skrifstofu sveitarfélagsins og á heimasíðu sveitarfélagsins: www.hunabyggd.is

Ágúst 2024 Unnið að tillögu að breytingu á aðalskipulagi í samstarfi við skipulags- og byggingarnefnd og aðra hagsmunaaðila.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar og á fundi sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.

Sept. - okt. 2024 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.

Nóvember 2024

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt af skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn.

Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að koma með athugasemdir. Geri Skipulagsstofnun ekki athugasemdir öðlast breyting á aðalskipulagi gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

5 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - *Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.*
- *Umhverfisstofnun*
- *Vegagerðin*
- *Landsnet*
- *Rarik*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra*
- *Náttúrufræðistofnun Íslands*
- *Aðliggjandi sveitarfélög*
- *Viðeigandi nefndir og deildir Húnabyggðar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi hjá skrifstofu sveitarfélagsins og á heimasíðu sveitarfélagsins: www.hunabyggd.is